

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 26. október 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 10³⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Byggðakvóti 2005-2006.

Fyrir fundinum lá tillaga að reglum um úthlutun 140 þorskígildislesta sem komu í hlut Höfðahrepps skv. ákvæðum reglugerðar nr. 722/2005. Jensína Lýðsdóttir lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið vegna vensla við hugsanlegan umsækjanda um kvóta skv. reglunum og vék af fundi. Tillagan var rædd og farið yfir forsendur. Samþykkt samhljóða að senda tillöguna til sjávarútvegsráðuneytisins og óska samþykktar á reglunum.

2. Tækifærisleyfi til áfengisveitinga.

Fyrir fundinum lá umsókn um tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna árshátíðar landvinnslu Fisk Seafood. Einnig lá fyrir bréf sveitarstjóra til sýslumanns þar sem óskað er umsagnar um málið. Hreppsnefnd samþykkti veitingu tækifærisleyfisins með fyrirvara um að sýslumaður veiti jákvæða umsögn.

3. Bréf:

a) *Aflsins á Norðurlandi, 19. október 2005.*

Í bréfinu er kynnt starfsemi Aflsins sem eru systursamtök Stígamóta og jafnframt er óskað eftir fjárstuðningi til rekstrar samtakanna.

Hreppsnefnd taldi ekki rými innan fjárheimilda fjárhagsáætlunar til að styðja við annars gott starf samtakanna.

b) *Stígamóta, dags. 19. október 2005..*

Í bréfinu er gerð grein fyrir starfsemi Stígamóta og jafnframt kynntar helstu kostnaðartölur vegna reksturs samtakanna. Þá er með bréfinu óskað eftir stuðningi við rekstur samtakanna.

Hreppsnefnd taldi ekki rými innan fjárheimilda fjárhagsáætlunar til að styðja við annars gott starf samtakanna.

c) *Saumastofunnar Írisar ehf.*

Með bréfinu óska Fjóla Jónsdóttir og Sólveig Róarsdóttir eftir stuðningi til að kaupa fyrirtækið Írisi ehf. sem hefur séhæft sig í fataframleiðslu. Magnús lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið vegna skyldleika við Fjólu Jónsdóttur og vék af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins. Meðfylgjandi bréfinu er útreikningur á áætlaðri afkomu fyrirtækisins. Miklar umræður urðu um málið. Samþykkt að óska eftir fundi með nýjum eigendum Írisar ehf.

4. Fundargerðir:

a) *Húsnæðisnefndar, 12. okt. 2005.*

Fundaragerðin var samþykkt.

b) *Húsnæðisnefndar, 20. okt. 2005.*

Fundargerðin var samþykkt.

c) *Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26. ágúst 2005.*

Fundargerðin var til kynningar.

d) Önnur mál.

Sveitarstjóri kynnti hugmynd um snjómanir fyrir norðan Ránarbraut og austan Vetrarbraut. Einnig lá fyrir álit verkfræðistofunnar Orion á verkefninu. Ákveðið að halda kynningarfund með íbúum í nágrenni fyrirhugaðra snjómana.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12⁰⁰

Magnús B. Jónsson

(sign)

Adolf H. Berndsen

(sign)

Gígja Óskarsdóttir

(sign)

Jensína Lýðsdóttir

(sign)

Birna Sveinsdóttir